

Þriðjudaginn 11. apríl 1995.

Nr. 342/1992.

**Magnús Bergs**

(Elvar Örn Unnsteinsson hdl.)

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

**Vilmundi Þorgrímssyni**

(Kristinn Hallgrímsson hdl.)

(Arnmundur Backman hrl.)

Skip. Breyting samnings. Veiðiheimildir. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1992. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

### **I.**

Mál þetta á rót að rekja til breytinga á reglum um fiskveiðiheimildir smábáta, sem gerðar voru með lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, er út voru gefin 15. maí 1990 og öðluðust gildi við birtingu 18. sama mánaðar, en komu til framkvæmda 1. janúar 1991. Lög þessi voru sett í stað laga nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990, sem falla áttu úr gildi 31. desember 1990 samkvæmt eigin ákvæðum og höfðu einnig kveðið á um það, hvernig undirbúa skyldi tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar eftir þann tíma. Skipaði sjávarútvegsráðherra til þess ráðgjafarnefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunahópa í sjávarútvegi, og var Landssamband smábátaeigenda meðal þeirra, sem þar áttu fulltrúa. Tillögur nefndarinnar komu fram í frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða, sem sjávarútvegsráðherra lagði fram á Alþingi 15. febrúar 1990. Að lokinni 1. umræðu í efri deild 23. sama mánaðar var frum-

varpinu vísað til sjávarútvegsnefndar, sem lauk ýtarlegri umfjöllun þess 30. apríl 1990. Ágreiningur varð í nefndinni um ýmsa þætti frumvarpsins, og komu frá henni fimm álit. Auk margra breytingartillagna komu fram dagskrártillögur þess efnis, að málinu yrði vísað frá til frekari skoðunar og það lagt fyrir þing að hausti. Nokkur óvissa var frá öndverðu um afdrif frumvarpsins, en fréttir birtust af því 26. apríl 1990, að ráðherrar stjórnarflokkanna hefðu daginn áður náð samkomulagi um að tryggja frumvarpinu för gegnum þingið með nokkrum efnisbreytingum. Það kom aftur til umræðu í efri deild 2. maí 1990 og var samþykkt sem lög í neðri deild á lokadegi þingsins 5. sama mánaðar.

Með hinum nýju lögum varð grundvallarbreyting á fiskveiðiréttindum báta undir 6 brúttórúmllestum að stærð, þar sem ákveðið var að meginstefnu að fella veiðar þeirra undir reglur laganna um aflahlutdeild og aflamark, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 38/1990, en veiðarnar höfðu áður verið leyfisbundnar að takmörkuðu leyti, sbr. 10. gr. laga nr. 3/1988. Átti þetta meðal annars að leiða til þess, að fjölgun smábáta yrði stöðvuð. Jafnframt var ákveðið í 6. mgr. 11. gr. laganna, að framselja mætti aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips. Var sú regla látin ná til þessara báta eins og annarra skipa, en veiðileyfi bátanna samkvæmt lögum nr. 3/1988 höfðu verið óframseljanleg, sbr. E-lið 10. gr. þeirra. Með þessu varð mögulegt að ráðstafa veiðiheimildum bátanna til stærri skipa með varanlegum hætti, og var þetta til þess fallið að hækka þær mjög í verði vegna aukinnar eftirspurnar, sem þannig kæmi til. Landsamband smábátaeigenda beitti sér gegn framsalsheimild þessa efnis, sem sjá má af bókun fulltrúa þess í ráðgjafarnefndinni, og taldi hana ógna stöðu smábátaflotans. Heimildin var þó tekin upp í frumvarpið og breyttist ekki að meginefni í meðförum þingsins.

## II.

Málsaðilar gerðu kaup sín um vélbátinn Hægfara II, NS-131, nú Alla Sæm, HF-81, við lok aprílmánaðar 1990 fyrir meðalgöngu skipasölnunnar Báta og búnaðar í Reykjavík. Hafði báturinn verið þar á söluskrá um langt skeið og verðlagning hans ekki breyst á þeim tíma. Áfrýjandi gerði tilboð í bátinn á skipasölnunni 23. apríl

1990, og var stefnda kynnt það með símbréfi á heimili hans á Seyðisfirði. Kveðst hann hafa hikað við að taka því í fyrstu, en síðan afráðið að fallast á kaupin, þegar á hafi verið knúð um ákveðin svör. Stefndi fór ekki til Reykjavíkur til að ræða kaupin, en fól kunningja sínum þar að undirrita afsal fyrir sína hönd. Var gengið frá því á skipasölnunni 28. apríl 1990, án þess að umboðsmaður stefnda tæki annan þátt í samningsgerðinni. Fyrir liggur, að veiðiheimildir bátsins voru ekki ræddar sérstaklega milli aðila.

Afstöðu sína til kaupanna hefur stefndi skýrt á þann veg, að hann hafi viljað koma sér upp öðrum bát og snúa sér jafnframt að netaveiðum, en hann hafi áður veitt á línu og færi. Ráðagerðir sínar í þessum efnum hafi þó ekki verið fullmótaðar. Ljóst er, að hann var ekki sérstaklega viðbúinn sölu á bát sínum, þegar tilboð áfrýjanda kom fram, auk þess sem hann var þá önnur kafinn við veiðar. Réðst tímasetning kaupanna af tilmælum áfrýjanda um skjóta afgreiðslu á málinu. Stefnda var þó ekki gert að afhenda bátinn þegar eftir undirskrift samnings og greiðslu kaupverðs, eins og á var kveðið í afsali.

Með kaupum sínum á bátnum kveðst áfrýjandi hafa haft í huga að tryggja sér fótfestu til útgerðarstarfsemi, áður en veiðar smábáta yrðu takmarkaðar meira en orðið var. Hafði hann og kynnt sér sérstaklega þær reglur, sem frumvarpið til laga um stjórn fiskveiða hafði að geyma, og einnig veiðireynslu m/b Hægfara II, sem gerði bátinn eftirsóknarverðan. Á hinn bóginn benda gögn málsins eindregið til, að stefndi hafi ekki gert sér grein fyrir því, að svigrúm hans til að leggja grundvöll að veiðum á öðrum bát með viðráðanlegum kjörum gæti orðið að engu við samþykkt lagafrumvarpsins, eins og raunin varð. Þetta svigrúm var meðal forsendna hans að kaupunum, og verður að telja, eftir því sem fram er komið, að áfrýjanda hafi verið það ljóst. Mátti ráða þetta af aðdraganda og atvikum að viðskiptunum, auk þess sem söluverð bátsins var svipað því, er stefndi hafði vænst miðað við eldri veiðireglur.

Stefndi komst að raun um vandkvæði sín fljótlega eftir kaupin og krafðist þess formlega af áfrýjanda 23. maí, að þau gengju til baka. Verður hann ekki sakaður um síðbúin viðbrögð, meðal annars þar sem afhending bátsins hafði ekki enn farið fram. Jafnframt ræður það engum úrslitum, að mál þetta var í upphafi höfðað sem rift-

unarmál. Varnir á grundvelli tómlætis eiga því ekki við. Um stöðu áfrýjanda eftir kaupin er á það að líta, að hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hefði getað aflað sér tilætlaðra hagsmuna með kaupum á öðrum bát á sama tíma, án þess að svipuð vandkvæði kæmu til.

### III.

Hér fyrir dómi krefst stefndi einvörðungu staðfestingar þeirrar niðurstöðu héraðsdómara, að áfrýjandi geti ekki byggt rétt á kaupsamningi aðila óbreyttum, heldur beri að víkja honum til hliðar að hluta með því að breyta umsömdu kaupverði bátsins á grundvelli þágildandi 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Með vísan til þess, sem fyrr var rakið, og annars til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á þessa kröfu. Væri annað ósanngjarnt vegna þeirrar stórfelldu röskunar á högum stefnda, sem í samningskjörunum fólst.

### IV.

Við ákvörðun kaupverðs á þessum grundvelli þarf að líta til þess, að áfrýjandi fékk bátinn ekki afhentan eftir kaupin þrátt fyrir áskoranir, og hélt stefndi honum til veiða fyrst um sinn. Var það ekki fyrr en í marsmánuði árið eftir, að áfrýjandi náði vörslum bátsins. Við skoðun í Hafnarfirði 25. mars 1991 reyndist báturinn þurfa verulegrar viðgerðar, en samkvæmt afsali átti að afhenda hann með athugasemdalausu skoðunarvottorði. Þeirri viðgerð lauk í apríl 1991, og nam kostnaður af henni alls 674.508 krónum samkvæmt reikningum viðgerðarmanna, sem hefur ekki verið andmælt tölulega. Báturinn kom þannig fyrst í gagnið fyrir áfrýjanda réttu ári eftir samningsgerð. Til nýtingar bátsins í höndum áfrýjanda þarf síður að líta, en hann kveðst hafa framselt bátinn hlutafélagi, sem hann stofnaði ásamt aðilum, er tengdir voru sjávarútvegi.

Það, sem meginmáli skiptir, eru þær veiðiheimildir, sem unnt var að öðlast vegna bátsins eftir reglum hinna nýju laga. Til grundvallar átti þar að leggja aflareynslu næstu ára fyrir 1990, sem metin var til 45.866 þorskígilda við ákvörðun aflahlutdeildar, og var þorskur uppistaðan í því magni. Aflamarki samkvæmt henni var þó ekki úthlutað fyrr en frá 1. janúar 1991 fyrir þá átta mánuði, sem eftir voru af nýju fiskveiðiári, þ. e. 1. september 1990 – 31. ágúst 1991. Var það miðað við leyfðan heildarafla þessa mánuði, sem var minnkaður til

muna frá fyrra ári. Aflamarkið hefur síðan farið lækkandi ár frá ári með minnkandi heildarafla. Á hinn bóginn hefur einingarverð á þorskveiðiheimildum hækkað mikið frá því, sem var í sumarbyrjun 1990.

Í málinu hefur stefndi lagt fram matsgerð dómkvadds matsmanns frá 6. febrúar 1992, þar sem markaðsvirði bátsins með veiðiheimildum er áætlað miðað við maí 1990 og febrúar 1992, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Um veiðiheimildirnar er þar annars vegar miðað við fyrrgreinda aflareynslu bátsins og hins vegar aflamark hans á fiskveiðiárinu 1991-1992 ásamt markaðsverði á þorskígildiskílóum við umrædd tímamörk, hvort tveggja eftir verði á óveiddum kvóta. Að viðbættu áætluðu verði bátsins við hvort tímamark metur hann kaupverðið á 5.195.260 krónur í fyrra tilviki og 5.121.700 krónur í hinu síðara.

Stefndi hefur ekki reynt að hnekkja þessu mati, en mótmælt gildi þess. Hann hefur lagt fram upplýsingar um veiðiheimildir og verðlagningu þeirra við síðari tímamörk. Hvorugur aðila hefur lagt fram beinar verðmatstölur frá vetrinum 1990-1991, þegar aflamarki var fyrst úthlutað. Upplýst er þó í málinu, að mánuðina eftir gildistöku laga nr. 38/1990 hafi nokkuð tíðkast að gera kaup um báta með fyrirvara um endanlegt verð, svo að kaupverð aflahlutdeildar gæti ráðist af úthlutuðu aflamarki við ársbyrjun 1991.

Eins og málið liggur fyrir, er óhjákvæmilegt að fara nokkuð að álitum við ákvörðun endurgjalds til stefnda úr hendi áfrýjanda. Rétt þykir að tengja verðið við þann tíma, er aðilar sömdu um kaupin, enda var þá kunnugt um aflareynslu bátsins, sem síðan réð aflahlutdeild hans. Jafnframt verði tekið mið af því, sem á eftir fór um úthlutun aflamarks, ásamt atvikum að afhendingu bátsins og notum stefnda af honum eftir sammingsgerð. Verður matsgerðin höfð til hliðsjónar ásamt öðrum fram komnum gögnum. Þá ber að taka tillit til fyrrgreinds viðgerðarkostnaðar og draga frá hið greidda sammingsverð bátsins, 700.000 krónur. Á grundvelli þessa þykir ógreitt kaupverð fyrir bátinn hæfilega ákveðið 3.000.000 króna. Ber áfrýjanda að gjalda það með vöxtum frá 23. júní 1990 til uppsögu dóms í héraði og síðan dráttarvöxtum, eins og á er kveðið í dómsorði.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti í einu lagi, svo sem um er mælt í dómsorði.

## D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Magnús Bergs, greiði stefnda, Vilmundi Þorgrímssyni, 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. júní 1990 til 21. júlí 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**S é r a t k v æ ð i**  
**Guðrúnar Erlendsdóttur og**  
**Péturs Kr. Hafstein**

Við erum sammála öðrum dómurum um það, að stefndi hafi ekki fyrirgert kröfum sínum á hendur áfrýjanda með tómlæti.

Frumvarp til laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða var lagt fram á Alþingi 15. febrúar 1990, en þau lög leystu af hólmi lög nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990. Frumvarpið varð umdeilt, bæði innan þings og utan, og voru miklar umræður um það í þjóðfélaginu. Drög að frumvarpinu voru kynnt í Fréttabréfi Landssambands smábátaeigenda þegar í janúar 1990. Þar var meðal annars gerð grein fyrir þeirri fyrirætlun, að aflahlutdeild báta undir 6 brúttórúmlustum að stærð yrði framseljanleg gagnstætt því, sem áður hafði verið.

Reglur um samningsfrelsi og efnaskyldu eru grundvallarreglur í íslenskum rétti. Með hliðsjón af hagsmunum viðskiptalífsins og almennu réttaröryggi verður að beita ógildingarákvæði 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986, af mikilli varfærni. Við mat á því, hvort ósanngjarnt verður talið eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig gerðan samning, ber dómstólum að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika, sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. 36. gr. Almennit sanngirnismat nægir ekki.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að telja, að báðir samningsaðilar hafi haft jafna stöðu til þess að kynna sér efni frumvarps til laga um stjórn fiskveiða, sem fram var komið tveimur og hálfum

mánuði fyrir sammingsgerð, og fylgjast með afdrifum þess. Áhrif hinna nýju laga máttu þannig vera báðum aðilum jafnfyrirsjáanleg, ef því var að skipta. Ógilding sammingsins verður því ekki byggð á síðar til komnum atvikum. Þá var efni sammingsins venjulegt á þeim tíma, er hann var gerður, og engin sérstök atvik voru við sammingsgerðina, er réttlætt geta ógilingu hans.

Samkvæmt framansögðu teljum við ekki lagaskilyrði til þess að ógilda samning aðila frá 28. apríl 1990, og beri því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júlí 1992.**

Mál þetta, sem dómtekið var 10. júní sl., höfðaði Vilmundur Þorgrímsson, Botnahlíð 5, Seyðisfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri og þingfestri 8. október 1991, gegn Magnúsi Bergs, kt. 270856-7569, Lálandi 21, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ógiltur verði kaupsamningur aðila og afsal stefnanda frá 28. apríl 1990 um vélbátinn Hægfara II, NS-131, skipaskrárn. 5983 (nú Alli Sæm, HF-81, þar áður Hægfari, RE-281), og að þessir gerningar verði dæmdir óskuldbindandi fyrir stefnanda.

Til vara krefst stefnandi þess, að efni kaupsammings aðila verði breytt á þann hátt, að kaupverð hins selda verði ákveðið 5.195.260 kr. eða önnur lægri fjárhæð að mati dómsins og að sú fjárhæð beri vexti skv. 7. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 28. apríl 1990 til 23. júní 1990, en dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 23. júní 1991.

Þá krefst stefnandi þess, að stefnda verði dæmt skylt að greiða sér málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti á málskostnað. Þá er þess krafist, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ með vöxtum skv. 175. gr. l. nr. 86/1936 og 24,5% virðisaukaskatti.

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi, stefndi, Brynjar Ívarsson, Sigurður Gíslason, Andrés Árnmarsson, Örn Pálsson og matsmaðurinn Gunnar I. Hafsteinsson.

*Málavextir.*

Með afsali, sem lagt hefur verið fram sem dskj. 3 og dagsett er 25. apríl 1989, en óumdeilt er, að á að vera dagsett 28. apríl 1990, afsalaði stefnandi stefnda bát sínum, Hægfara II, NS-131, B-5983. Í afsalinu er bátnum m. a. lýst svo, að hann sé 2,2 tonna trefjaplásticosbátur, árg. 1981, með Vetus-dísilvél 1989. Tekið er fram, að veiðiheimild bátsins fylgi með í kaupum þessum. Umsamið kaupverð var 700.000 kr. Samkvæmt afsalinu var kaupverð greitt við gerð samnings, og skyldi afhenda bátinn á Seyðisfirði við undirskrift samnings með athugasemdalausu skoðunarvottorði.

Hinn 15. maí 1990 gengu í gildi ný lög um stjórn fiskveiða, sem gerðu það að verkum, að fiskveiðikvóti smábáta varð seljanlegur, og jókst við það verðmæti hins selda báts verulega. Hinn 23. maí 1990 sendi stefnandi stefnda símskeyti og tilkynnti honum þar um riftun á sölu bátsins. Í skeyti þessu segir m. a. svo: „... Ber ég fyrir mig ákvæði III. kafla samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986. Mun þér vera kunnugt um þær viðbáru. Endurgreiðsla útborgunar auk vaxta mun verða lögð inn á bankareikning þinn, um leið og mér hefur verið tilkynnt reikningsnúmer þitt, þar til mun sú fjárhæð verða geymslugreidd.“ Með símskeyti sama dag mótmælti stefndi riftuninni og tilkynnti, að gerðar hefðu verið ráðstafanir til þess að flytja bátinn til Reykjavíkur. Með símskeyti 20. júlí 1990 tilkynnti stefnandi stefnda, að hann hefði lagt inn á bankareikning í Landsbanka Íslands á Seyðisfirði þá fjárhæð, sem stefndi hafði greitt honum með almennum sparisjóðsvöxtum frá greiðsludegi. Stefnandi varð ekki við tilmælum stefnda um afhendingu bátsins, og höfðaði stefndi því innsetningarmál fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar. Hinn 30. ágúst 1990 var úrskurðað, að innsetning skyldi ná fram að ganga. Hvorki áfrýjaði stefnandi úrskurði þessum né afhenti bátinn. Með aðstoð fógeta fór fram vörslusvipting 18. mars 1991, en stefnandi tók bátinn aftur. Skömmu síðar fór að nýju fram vörslusvipting, og var þá ekið með bátinn til Reykjavíkur.

Stefnandi höfðaði riftunarmál vegna viðskipta þessara 4. september 1990. Hinn 8. október 1991 var það mál hafið og þetta mál þingfest.

Hinn 18. október 1991 var Gunnar I. Hafsteinnsson hdl. dómkvaddur til að skoða og meta kaupsamninginn, sem málið er af risið. Í matsbeiðni er þess óskað, að matsmaður láti í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvert var raunvirði vélbátsins Alla Sæm, HF-81, með aflaheimildum við setningu laga nr. 39/1990 15. maí 1990?

2. Hvert var verðmæti bátsins með aflaheimildum á matsdegi?

Í fram lagðri matsgjörð hins dómkvadda matsmanns segir, að samkomulag hafi orðið um að breyta orðalagi í 1. lið í matsbeiðni svo:

„Hvert var markaðsvirði v/b Alla Sæm, HF-81, við setningu laga nr. 38/1990 m. v. aflareynslu bátsins?“

Í matsgjörðinni segir m. a., að samkvæmt skýrslu, sem gerð var í sjávarútvegsráðuneytinu um afla báta undir 10 brl., sem reist var á veiðireynslu þar til greindra báta árin 1987–1989, komi í ljós, að aflareynsla v/b Alla Sæm, HF-81, hafi verið 45.866 þorskígildi. Verð á þorskígildiskílói í maí 1990 telur matsmaður hafa verið 110 kr., svo að verðmæti þessara 45.866 þorskígildiskílóa hafi verið 5.045.260 kr. Verðmæti bátsins í maí 1990 án veiðiheimilda metur matsmaður á 150.000 kr. Áætlað markaðsverð sé því 5.195.260 kr.

Í matsgjörðinni er tekið fram, að þær aflatölur, sem miðað sé við, séu miðaðar við veiðiheimildir einstakra tegunda árið 1990, en þær hafi lækkað nokkuð fyrir árið 1991.

Vegna áætlaðs verðmætis í febrúar 1992 er m. a. tekið fram, að þegar tillit sé tekið til úthlutaðra veiðiheimilda fyrir fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 og með tilliti til aflahlutdeildar v/b Alla Sæm, HF-81, fyrir sama tímabil, sé aflahlutdeild bátsins 28.124 þorskígildi. Matsmaður telur verð á þorskígildum í febrúar 1992 175 kr. fyrir hvert þorskígildiskíló. Verðmæti aflahlutdeildar bátsins við gerð matsins telur matsmaður vera 4.921.700 kr. Verðmæti bátsins í febrúar 1992 án aflahlutdeildar telur matsmaður 200.000 kr. Með vísan til þessa metur matsmaður verðmæti v/b Alla Sæm, HF-81, í febrúar 1992 með varanlegum aflaheimildum 5.121.700 kr.

Í matsgjörðinni er enn fremur tekið fram, að heimilt sé að selja aflaheimildir innan fiskveiðiársins. Verð á slíkum aflaheimildum var í febrúar 1992 sem hér segir: þorskur 45 kr. kg, ýsa 30 kr. kg, ufsi 20 kr. kg og skarkoli 35 kr. kg.

Að lokum segir svo í matsgjörðinni: „Við sölu á bátnum nú í dag yrði væntanlega tekið tillit til þess, hve mikið af úthlutuðum afla yfirstandandi fiskveiðiárs væri eftir á bátnum, og sá afli verðlagður sérstaklega m. v. ofangreint verð.“

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að þá er kaupsamningurinn, sem málið er af risið, var gerður, hafi stefnanda verið ókunnugt um það, hver áhrif hin nýju lög um stjórn fiskveiða myndu hafa á verðmæti báts hans, en augljóst sé, að yfir þeirri vitneskju hafi stefndi búið svo og skipasali sá, sem gekk frá sölunni. Stefndi hafi gert alveg sambærilegan kaupsamning og afsal um bátinn Dagnýju, SU-114, og hafi verið höfðað mál til ógildingar þeim kaupsamningi. Stefndi hafi gert tilboð í fleiri báta og boðið kaupverð, þar sem ekki var tekið tillit til kvóta.

Á fram lögðum skjölum sé ljóst, að stefndi hafi komið í sjávarútvegsráðuneytið til þess að fá upplýsingar um veiðiheimildir smábáta og fengið slíkar upplýsingar. Því sé ljóst, að stefndi hafi nýtt sér þekkingu sína á því, sem í vendum var, og hafi ætlað sér með kaupum á smábátum að afla sér gífurlegs hagnaðar. Í þessu máli sé kaupverð bátsins 700.000 kr. Í greinargerð stefnanda segir, að miðað við gangverð þorskkílós megi ætla, að kvóti bátsins muni vera um 6 milljón króna virði. Verðmæti, sem stefndi ætli að áskilja sér með því að standa fast á þessari samningsgerð skömmu fyrir setningu laganna, sé því margfalt miðað við kaupverð.

Ný lög um stjórn fiskveiða hafi kollvarpað öllum forsendum kaupsamnings málsaðila. Kaupverð bátsins sé ekki nema brot af þeim verðmætum, sem um sé að ræða eftir lagabreytinguna. Stefndi hafi ekki fram að þessu fengist við útgerð, svo að kunnugt sé. Hér sé einungis verið að færa sér í nyt kerfisbreytingu með gífurlegan hagnað að markmiði.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að tvímælalaust sé um að ræða ógildingarheimild á grundvelli III. kafla laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, einkum 31., 33. og 36. gr. Þannig hafi stefndi notfært sér betri þekkingu sína á þeim lögum, sem voru í burðarliðnum, er samningurinn var gerður, til þess að afla sér og áskilja hagsmuni, sem sýnilega séu margfalt meira virði en það verð, sem hann greiddi fyrir þá. Jafnvel þó að ekki verði talið sannað, að um vísvitandi misneytingu hafi verið að ræða af hálfu stefnda, haldi stefnandi því fram, að ógildingargrundvöllur komi engu að síður til greina, með vísan til 36. gr. samningalaga, eins og hún sé nú eftir breytinguna með lögum nr. 11/1986.

Varakrafa stefnanda er rökstudd með vísan til 1. mgr. 36. gr. samningalaga, en þar sé heimild til handa dómstólum að víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta eða breyta samningi, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því reist, að 27. apríl 1990 hafi stofnast með sér og stefnendum fullkomlega löglegur og eðlilegur kaupsamningur um v/b Hægfara, RE-281, sem stefndi hafi að fullu efnt, og engin atvik, hvorki við samningsgerðina né síðar til komin, geti leitt til þess, að ógilda beri samninginn.

Riftunarkrafan frá 23. maí 1990 og þau málaferli, sem stefnandi stofnaði til á grundvelli hennar, hafi verið markleysa.

Stefndi styður sýknukröfu sína í öðru lagi því, að krafa um ógildingu samningsins sé allt of seint fram komin, og hafi stefnandi einhvern tíma átt

rétt til þess að fá samninginn ógiltan, hafi eftirfarandi tómlæti hans frá samningsgerð til 8. október 1991, er ógildingarkrafa kom fyrst fram, firrt hann þeim rétti. Ekki verði með nokkrum hætti litið svo á, að í símskeytinu frá 23. maí 1990 hafi stefnandi haft uppi kröfu um ógildingu kaupsamningsins. Símskeytið hafi verið samið af lögmanni og sé riftunaryfirlýsing. Það staðfesti og öll eftirfarandi málaferli stefnanda eftir símskeytið. Stefnandi hafi ekki staðið einn í þeim málaferlum, heldur hafi hann notið aðstoðar a. m. k. þriggja lögmannna. Það sé meginregla í íslenskum rétti, að menn geti ekki borið fyrir sig lögvillu. Þar af leiði, að menn geti ekki í skjóli fullyrðinga um lögvillu aflað sér réttar eða borið fyrir sig, að þeir skuli ekki glata rétti vegna tómlætis, þar sem um hafi verið að ræða lögvillu. Meginregla um ógildingu sé, að krafa um hana skuli koma fram án ástæðulauss dráttar. Þessi meginregla komi fram í 2. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1936. Hinn 8. október 1991 hafi stefnandi því löngu fyrirgert fyrir tómlætis sakir öllum rétti, er hann hugsanlega kunni að hafa haft í maí 1990, til þess að fá samninginn ógiltan.

Í þriðja lagi rökstyður stefndi sýknukröfu sína því, að þau lagaákvæði í l. nr. 7/1936, 31. gr., 33. gr. og 36. gr., sem stefnandi vitnar til, eigi alls ekki við um samning aðila.

Mjög strangar kröfur séu gerðar um sönnun til þess, sem ber fyrir sig ógildingu. Of margar eða víðtækar ógildingarheimildir myndu veikja traust manna á löggeringum, þannig, að hafa beri í huga, að ekki sé alltaf nægilegt að fara eftir sanngirnismati, sem miðist eingöngu við það tilvik, sem til úrlausnar sé hvert sinn, heldur verði jafnframt að leitast við að fara eftir meginreglum, sem haft geti almennt gildi og menn geti treyst, að muni verða notaðar í öðrum sams konar eða hliðstæðum tilvikum. Í því tilviki, sem hér er til úrlausnar, sé um að ræða, að lagasetning frá Alþingi hafi áhrif til aukningar á verðmæti þess, sem stefndi keypti. Ef kröfur stefnanda í þessu máli nái fram að ganga, sé komið fordæmi fyrir því, að lagasetning frá Alþingi geti haft mun víðtækari áhrif en lögin mæli beint fyrir um. Slíkt leiði annaðhvort til þess, að dómstólar hafi sett víðtækar hömlur við nýrri lagasetningu umfram þær, er geti í stjórnarskrá, eða til þess, að almennt traust á löggeringum hljóti að veikjast mjög.

Stefnandi virðist reisa ógildingarkröfu sína að nokkru leyti á því, að stefndi og skipasali sá, er gekk frá sölunni, hafi haft betri þekkingu en stefnandi á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða. Vitneskja skipasalans hljóti að vera stefnanda fremur í hag en stefnda. Stefnandi hafi valið þessa skipasölu til þess að vinna fyrir sig, en ekki stefndi, enda hafi stefnandi greitt skipasalanum laun. Það, að stefndi leiti til þessarar skipasölu með til-

boð sitt í bát stefnanda, ráðist af því einu, að stefnandi hafi sett bát sinn á sölu þar. Hugleiðingar stefnanda nú um samsæri stefnda og skipasalans séu því út í hött. Fullyrðingar um betri vitneskju stefnda en stefnanda um lagafrumvarpið séu alrangar. Stefndi hafi vissulega kynnt sér drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, en þau drög hafi verið lögð fram sem stjórnarfrumvarp í efri deild 15. febrúar 1990. Á þeim tíma, sem stefndi gerði tilboð í bátinn, 27. apríl 1990, hafi frumvarpið þó aðeins komist í gegnum 1. umræðu í efri deild og verið vísað til sjávarútvegsnefndar efri deildar og hafi verið þar. Á þeim tíma hafi bæði á Alþingi og í fjölmiðlum mikið verið deilt um frumvarp þetta og alls óvíst, hvort það yrði að lögum og þá í hvaða mynd, þegar gengið var frá afsali fyrir Hægfara, RE-281, 27. apríl 1990. Frumvarpið hafi verið samþykkt sem lög frá Alþingi 5. maí 1990. Þegar stefndi gerði tilboð í Hægfara, RE-281, hefði hann ekki getað vitað, hvort eða með hvaða hætti frumvarp til laga um stjórn fiskveiða yrði að lögum, og þá því síður, hver réttaráhrif þeirra laga yrðu.

Á þessum tíma hafi stefnandi búið yfir að minnsta kosti sömu vitneskju og stefndi og í mun aðgengilegra formi, því að í 1. tbl. 5. árg. Fréttabréfs Landssambands smábátaeigenda, sem út kom 6. janúar 1990, séu ýtarlega rakin áhrif þessa lagafrumvarps og þau sett fram á skýran og mjög aðgengilegan hátt. Stefnandi sé félagi í Landssambandi smábátaeigenda og hafi því fengið sent fréttabréf þetta, en stefndi hafi ekki verið tekinn inn á skrá hjá landssambandinu fyrr en eftir að hann keypti Hægfara, RE-281. Þessi réttaráhrif frumvarpsins séu ítrekuð í 2. tbl. 5. árg., sem út kom 17. apríl 1990. Stefnandi geti því ekki haldið því fram, að sér hafi verið ókunnugt um, að frumvarpið væri til, hvert efni þess væri eða hvaða áhrif samþykkt þess myndi hafa. Stefnanda hafi verið hæður vandi að taka bát sinn af sölu-skrá og selja hann ekki, fyrr en séð yrði, hver yrðu afdrif þessa frumvarps. Umboðsmaður stefnanda, Sigurður Gíslason, sé þaukunnugur skipa- og kvótasölu.

Af framanröktu sjáist, að báðum aðilum hafi mátt vera ljóst, að óvissa hafi verið um veiðiheimildir bátsins framvegis og hvort þær yrðu fram-seljanlegar. Báðir hafi tekið áhættu og verið frjálsir að því.

Sala stefnanda á bátnum á þessu tímamarki og í ljósi þeirrar vitneskju, sem hann hafi óhjákvæmilega búið yfir um réttaráhrif frumvarpsins til laga um stjórn fiskveiða, hafi einnig verið mjög eðlileg. Hægfari, RE-281, sé ekki nema 2,2 tonn og því eðlilegt, að stefnandi vildi endurnýja hann og fá sér stærri bát, ef hann ætlaði sér að halda áfram þessu starfi. Veiðiheimild hefði hann fengið skv. 6. mgr. II. ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu, en þar sem lögin séu ótímabundin, virðist þetta hafa verið síðasta tækifæri hans til

Þess að stækka bát sinn og auka kvóta, þar sem annars hefði hann orðið að úrelða v/b Hægfara og færa veiðiheimild hans yfir á annan bát. Þar sem v/b Hægfari sé aðeins 2,2 tonn, hafi hann óhjákvæmilega litla veiðiheimild, og sú veiðiheimild hefði ekki verið nægjanleg fyrir stærri bát.

Útreikningum Arnar Pálssonar, sem gerðir voru í september 1990 og lagðir hafa verið fram sem dskj. 25, er mótmælt sem órökstuddum og tekið fram, að hvergi sé tekið tillit til fyrirsjáanlegrar kvótaskerðingar, en séu aðeins hugmyndir Arnar um þann kvóta, sem Hægfari, RE-281, kynni að fá úthlutað, en engum framseljanlegum kvóta hafi þá verið úthlutað bátnum.

Mat hins dómkvadda matsmanns sé mat á verðmæti Hægfara 15. maí 1990 og á matsdegi, stutt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu um verðþróun og önnur atriði í febrúar 1992. Verðmæti bátsins með aflaheimildum 15. maí 1990 og í dag skipti engu máli við úrlausn þessa máls. V/b Hægfari hafi ekki verið seldur 15. maí 1990, eftir að löggin um stjórn fiskveiða höfðu tekið gildi og ljóst var, hvers efnis þau voru, heldur 28. apríl 1990, áður en nokkur vissi, hvort löggin yrðu sett og þá hvers efnis þau yrðu. Verðmæti bátsins þá hafi verið 700.000 kr. skv. mati stefnanda og þess skipasala, er hann fól að selja bátinn. Síðari lagabreytingar, sem leiði til herra verðs fyrir aflaheimildir bátsins, skipti engu máli um söluverðið, þær hefðu eins getað leitt til minna verðmætis.

Ljóst sé, að 31. gr. laga nr. 7/1936 eigi alls ekki við hér. Engin bein samskipti hafi verið með stefnda og stefnanda. Stefndi hafi hitt umboðsmann stefnanda, Sigurð Gíslason, við undirritun afsals. Að öðru leyti hafi skipasalan Batar og búnaður haft alla meðalgöngu.

33. gr. laga nr. 7/1936 eigi ekki heldur við, enda hafi stefnandi hvorki sannað né leitt líkur að neinum þeim atvikum, sem voru við söluna, sem leiða ættu til þess, að óheiðarlegt sé að bera afsalið fyrir sig. Afsalið og verð bátsins hafi í alla staði verið eðlilegt miðað við það, sem gerðist í bátasölu á þessum tíma, sbr. fram lögð afsöl.

Stefnandi geti ekki reist kröfu um ógildinguna á 36. gr. laga nr. 7/1936. Í viðskiptum stefnanda og stefnda séu „atvik, sem síðar koma til“, að vissu marki fyrirsjáanleg. Stefnanda hafi verið fullljóst við samningsgerðina, að fyrir Alþingi lá frumvarp, sem gat haft veruleg áhrif á kvóta smábáta. Þrátt fyrir það gangi hann til samninga af fúsum og frjálsum vilja. Með þessu taki hann þá áhættu, að frumvarpið verði að lögum. Hugtakið „atvik, er síðar koma til“, geti ekki undir nokkrum kringumstæðum orðið túlkað svo rúmt, að það veiti heimild til ógildingar eða breytingar á samningi, þegar samningsaðilum sé ljós sá möguleiki, að þessi atvik geti komið fram.

Reglan um samningafrelsi sé ein af grundvallarreglum íslensks fjármuna-

réttar. Í reglunni felist m. a. frjálrsræði um efni löggæringa að svo miklu leyti, sem það stríði ekki gegn ófrávikjanlegum réttarreglum og almennu velsæmi. Ljóst sé, að lög nr. 7/1936 fari að þessari meginreglu. Önnur grundvallarregla sé, að gerða samninga beri að halda. Af þessum reglum leiði, að sammingsaðili geti almennt ekki komið sér hjá því að efna sammingskyldur sínar, enda þótt telja megi þær ósamngjarnar í hans garð.

Til þess að unnt sé að ógilda samning á grundvelli 36. gr., þurfi að vera ósamngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Stefnandi hafi ekki fært fyrir því nein rök, miklu heldur sé samningurinn í góðu samræmi við viðskiptavenju. Það leiði af eðli reglu 36. gr., að hún sé undantekningarregla. Heimild til þess að beita henni beri því að skýra þröngt.

Hafi samningurinn verið ógildanlegur, hafi stefnanda borið að hefjast handa án ástæðulauss dráttar. Riftunarsímskeyti frá seljanda og síðan sautján mánaða málaferli um riftun geti ekki réttlætt þann drátt á að koma fram með ógildingarkröfu, enda hafi engin sjónarmið eða aðstæður breyst frá setningu laganna um stjórn fiskveiða.

#### *Niðurstaða.*

Stefnda var tilkynnt með símskeyti 23. maí 1990 um riftun kaupanna, sem gerð voru 28. apríl 1990. Í símskeyti þessu var vísað til III. kafla l. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986. Kaupverð bátsins var lagt inn á bankabók nr. 10197 í útibúi Landsbanka Íslands á Seyðisfirði og stefnda send tilkynning um það með símskeyti 20. júlí 1990. Mál var þingfest 4. september 1990 til viðurkenningar á riftun. Það, sem hér hefur verið rakið, sýnir, að stefnda mátti ljóst vera, að stefnandi vildi ekki una kaupunum, og þegar til þess er litið, að mál þetta var þingfest 8. okt. 1991, sama dag og riftunarmálið var hafið, verður ekki fallist á sýknukröfu stefnda, byggða á tómlæti stefnanda.

Fram er komið, að skömmu fyrir 15. maí 1990 gerði stefndi, sem er verkfræðingur, búsettur í Gardabæ, tilboð í ýmsa báta. Áður hafði hann eftir föngum aflað sér upplýsinga um verðmæti báta, farið í sjávarútvegsráðuneytið og fengið upplýsingar um veiðiheimildir smábáta og í fiskifélagið og spurst fyrir um aflareynslu v/b Hægfara. Á þessum tíma stundaði stefnandi, sem er sjómaður, búsettur á Seyðisfirði, sjóróðra á bát sínum.

Fullyrðingar af hálfu stefnanda um, að stefndi og skipasalinn, sem annaðist sölu á bát stefnanda, hafi vitað um það, þá er kaupin fóru fram, þ. e. 28. apríl 1990, hver áhrif hin nýju lög um stjórn fiskveiða, sem samþykkt voru 15. maí 1990, myndu hafa á verðmæti báts stefnanda, eru ósannaðar. Sama er um fullyrðingar af hálfu stefnda um þekkingu stefnanda á væntanlegri lagasetningu og kunnugleika umboðsmanns stefnanda á skipa- og kvóta-sölu.

Afsöl þau, sem lögð hafa verið fram af hálfu stefnda, eru afsöl á bátnum frá því í janúar, febrúar og mars 1990. Í engu þessara afsala er sambærilegt ákvæði og yfirlýsingin í afsali því, sem mál þetta er af risið, um það, að veiðiheimild bátsins fylgi með í kaupum þessum.

Með kaupunum, sem málið er af risið, aflaði stefndi sér margfaldra verðmæta miðað við kaupverð. Munurinn á verðmæti þess, sem stefndi keypti af stefnanda, þ. e. 5.195.260 kr. 15. maí 1990, samkvæmt mati dómkvadds matsmanns, sem hefur ekki verið hnekkt, og svo því endurgjaldi, sem stefnandi fékk fyrir hið selda, 700.000 kr. 28. apríl 1990, er svo verulegur, að stefndi getur ekki reist rétt á kaupsamningi aðila óbreyttum.

Þegar til þess er litið, að stefndi hefur haft vörslur bátsins síðan í mars 1991 og nýtt sér veiðiheimildir hans, frá því að kaupin voru gerð, og að eigin sögn látið gera við bátinn fyrir á aðra milljón króna, þykir eftir atvikum ekki rétt að ógilda kaupsamninginn í heild, heldur taka til greina varakröfu stefnanda og breyta umsömdu kaupverði bátsins með vísan til 36. gr. I. nr. 7/1936, sbr. 6. gr. I. nr. 11/1986.

Við ákvörðun kaupverðsins þykir rétt að leggja til grundvallar niðurstöðu hins dómkvadda matsmanns, að verðmæti v/b Hægfara II, NS-131, nú Alla Sæm, HF-81, hafi 15. maí 1990 með veiðiheimildum verið 5.195.260 kr., og dæma stefnda til að greiða stefnanda 4.495.260 kr. með vöxtum, eins og segir í dómsorði, frá 23. júní 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 500.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla I. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna fjarveru lögmanns stefnanda úr bænum og anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Magnús Bergs, greiði stefnanda, Vilmundi Þorgrímssyni, 4.495.260 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla I. nr. 25/1987 frá 23. júní 1990 til greiðsludags, og 500.000 kr. í málskostnað með dráttarvöxtum skv. III. kafla I. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.